

14
10da
oktbr

Reykjavík um 10 ára tímabil, er byrjar í dag, öll þau hlunnindi, sem talin eru í nefndri tilskipun, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðrinn nú veitir, eigi rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í samþykkt sjóðsins frá 9. mars 1872, er fylgdi bréfi forstjóranna, verði nákvæmlega gætt, og að forstjórnarnir til þess, að landshöfðinginn geti haft eptirlit með þessu, árlega sendi honum eptirrit af reikningum sparisjóðsins, svo þer og að skýra landshöfðingja frá sérhverri breytingu, er kynni að verða gjörð á samþykktinni frá 9. mars 1872 og frá því, er skipti verða á stofnendum sjóðsins samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins í norðr og austramtinu⁴).

15
10da
oktbr

Amtmaðrinn hafði mælt fram með, að sparnaðarsjóðrinn í Siglufirði fengi hlunnindi þau, sem talin eru í tilskipun 5. janúar þ. á., og sýslumaðrinn í Eyjafjarðarsýslu hafði vottað, að allir forstjórar sjóðsins væru áreiðanlegir menn og flestir þeirra vel efnadir. Samkvæmt þessum meðmælingum voru nefnd hlunnindi veitt sjóðnum um 5 ára tímabil og með líkum skilyrðum, og þeim, er til eru tekin í bréfinu hér næst á undan.

Embættismenn skipaðir og settir.

Hinn 14. dag septembermån. hefir ráðgjafinn fyrir Island sett cand. mag. Benedikt Gröndal til að vera kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík frá 1. d. októbermån.

Hinn 3. dag septembermån. hefir landshöfðinginn staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna dagsett 12. ágúst handa síra Birni Þorlákssyni fyrir Hjaltastaðar og Eyða prestakalli í Múlasýslum.

12. s. m. hefir landshöfðinginn sett kandidat Júlíus Haldórsson, til að gegna héraðslæknisstörfum í Þingeyjarsýslu með 500 rdl. árlægum styrk úr læknasjóðnum og aðgöngu til launaviðbótar þeirrar, sem ákveðin er með konungsúrskurði 10. maí 1867.

Hinn 10. dag októbermånadar staðfesti landshöfðinginn veitingarbréf stiptsyfirvaldanna dagsett 18. júní þ. á. handa síra Jakobi Benediktssyni fyrir Miklabæarprestakalli í Skagafirði.

Hinn 27. dag ágústmånadar var af stiptsyfirvöldunum Garpsdalsprestakalli í Barðastrandarsýslu veitt kandidat Steingrím Jónssyni,

Rípsprestakalli í Skagafjarðarsýslu veitt kandidat Ólafi Bjarnarsyni og Skinnastaðaprestakalli í Þingeyjarsýslu, er Garðsprestakalli í sömu sýslu fyrst um sinn er sameinað, veitt kandidat Stefáni Sigfússyni.

28. s. m. var af stiptsyfirvöldunum Lundabrekkuprestakalli í Þingeyjarsýslu veitt kandidat Magnúsi Jóseppssyni.

Hinn 7. dag septembermånadar var af stiptsyfirvöldunum Assprestakalli í Fellum í Norðmúlasýslu veitt prófasti síra Bergi Jónssyni á Bjarnanesi í Skaptafellssýslu.

24. s. m. var af stiptsyfirvöldunum Dvergasteinsprestakalli í Suðrmúlasýslu veitt kandidat Stefáni Haldórssyni.

Hinn 7. dag októbermånadar var af stiptsyfirvöldunum Kálfafellsstaðarprestakalli í Austrskaptafellssýslu, sem hafði verið anglyst 22. ágúst, veitt síra Jóhanni Kn. Benediktssyni presti á Einholti.

Óveitt embætti.

Bjarnanessprestakalli í Austrskaptafellssýslu anglyst 8. september, metið 353 rdl. 18 sk.

Einholtsprestakalli í sömu sýslu anglyst 8. október, metið 240 rdl. 27 sk.

11. desbr. 1872	voru viðskiptamenn	157	höfudstóllinn	6,805 rdl.	1 sk.	varasjóðrinn	108 rdl.	28 sk.
11. júní 1873	—	—	212	—	—	9,376	— 40	— 284 — 61
11. desbr. s. á.	—	—	274	—	—	14,755	— 95	— 399 — 25
11. júní 1874	—	—	322	—	—	19,614	— 15	— 643 — 29

Stofnendr sjóðsins eru 16, (12 innanbæar og 4 utanbæar), og hefir sérhver þeirra ábyrgð á, að sjóðrinn standi í skilum, og er skyldur til að svara allt að 100 rdl. hver, fyrir halla þann eðr tjón, er sjóðrinn kann að verða fyrir, og hann sjálf eigi getr staðið straum af. Sparisjóðrinn á þannig ráð á 1600 rdl. auk varasjóðs síns, eðr nú als á 2243 rdl. 29 sk., til að bæta upp halla þann, er sjóðrinn kann að verða fyrir.

4) Hann er stofnaðr 1. janúar 1873; viðskiptamenn hans voru í júnímánuði þ. á. taldir 92, höfudstóll hans rúm 1400 rdl. Varasjóðs er eigi getið, en stofnendr sjóðsins, sem eru 8, eru skyldir til að svara allt að 50 rdl. hver, eðr als 400 rdl., fyrir tjón það, er sjóðrinn eigi sjálf getr staðið straum af.